

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar 19. desember sl. var tekin fyrir umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.

Eftirfarandi var bókað:

*Því er fagnað að fullur skilningur ríkisins skuli vera á mikilvægi þess að ný Ölfusárbrú komist í framkvæmd sem fyrst en bæjarráð leggur ríka áherslu á að lok framkvæmdarinnar verði ekki síðar en árið 2023. Málið er orðið svo brýnt að það þolir enga bið.*

*Bæjarráð Árborgar ítrekar gagnrýni á að ekki skuli ráðist í tvöföldun hringvegarins á milli Hveragerðis og Selfoss, þó að vissulega sé ánægja með að vinnu skuli haldið áfram við endurbætur. Gríðarlegur umferðarþungi er á þessari leið og líklegt að hann eigi enn eftir að aukast mikið.*

*Bæjarráð þakkar þann skilningi sem í frumvarpinu er sýndur á mikilvægi þess að gert verði hringtorg á Eyrarbakka vegi við Suðurhóla á Selfossi ásamt undirgöngum á árinu 2020.*

*Bæjarráð Árborgar tekur undir með Sveitarfélaginu Ölfus og leggur áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn. Höfnin er nú þegar orðin mikilvæg vöruflutningahöfn en ljóst er að þær fjárfestingar sem óskað er eftir í hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn munu hafa í för með sér verulegan efnahagslegan ábata fyrir landshagi, en ekki aðeins fyrir atvinnusvæðið á Suðurlandi. Heppileg staðsetning hafnarinnar, sívaxandi umsvif í fiskeldi á Íslandi og væntaleg framþróun í matvælaframleiðslu á svæðinu eru meðal atriða sem gera munu höfnina mikilvægari á allra næstu árum.*

*Bæjarráð telur mikilvægt að hugað verði strax að því að færa þungaumferð til og frá Þorlákshöfn suður fyrir Selfoss og bendir á Votmúlaveg í því sambandi.*

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Rósa Sif Jónsdóttir  
Ritari bæjarstjóra  
Póstur: rosa@arborg.is  
Sími: +354 480 1977